

Grunnskóli Fjallabyggðar er skóli sem vinnur gegn einelti.

Skilgreining á einelti

Einelti er endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi, þegar einn eða fleiri níðast á eða ráðast aftur og aftur á einstakling. Gerandinn eða gerendur sameinast um að gera fórnarlambi sínu, þólandanum, lífið nánast óbærilegt. Fólk hefur misjafnt sársaukaþól, misjafnt skopskyn og tilfinningar. Ef einelti varir og enginn styður þá sem verða fyrir því, er hætta á að viðkomandi beri þess merki ævilangt. Einnig eru mörg dæmi þess að gerendur eigi um langt skeið í vanda vegna gerða sinna, þeir þurfa því ekki síður á hjálp að halda.

Andlegt einelti – ofbeldi felst t.d. í því að:

- Skilja einhvern útundan, eða setja einhvern “út í kuldann”.
- Tala illa um einhvern, ógna eða hæða með orðum, niðrandi og særandi athugasemdir um viðkomandi.
- Skemma eða eyðileggja æ ofan í æ fyrir einhverjum, föt og annað.

Líkamlegt einelti felst t.d. í því að:

- Ráðast á, hrinda, sparka, slá eða klípa einhvern.
- Halda einhverjum föstum eða loka einhvern inni gegn vilja hans.

Það sem einkennir einelti er einkum tvennt:

Margendurtekið atferli eða háttsemi, sem varir í langan tíma, stundum marga mánuði eða jafnvel ár. Einn einstakur atburður telst ekki einelti. Ójafnvægi í styrkleikasambandi milli þess sem verður fyrir eineltinu og hinna sem beita því. Sá sem verður fyrir barðinu á eineltinu getur ekki varið sig sjálfur og lætur það yfir sig ganga.

Hverjir leggja aðra í einelti :

- Þeir sem eru sjálflægir, eiga erfitt með að skilja tilfinningar annarra.
- Þeir sem hafa ekki góða sjálfsmynd, upphefja sjálfan sig með því að niðurlægja aðra.
- Þeir sem eiga við persónuleg vandamál að stríða (t.d. búa við lakar heimilisaðstæður eða gengur illa í námi) og láta það bitna á öðrum.

Það er ekki hægt að útrýma einelti í eitt skipti fyrir öll, en með fyrirbyggjandi aðgerðum er hægt að draga stórlega úr einelti. Umræða um einelti þarf sífellt að vera í gangi og allir verða að vera vakandi og meðvitaðir um vandamálið. Það verða að vera samræmdar aðgerðir um einelti og barátta til langs tíma.

Allir þurfa að vita að einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og það er litið á það sem alvarlegt brot á skólareglum. Starfsfólk skólans berst gegn því með öllum tiltækum ráðum og leggur sig fram um að finna orsakir þess. Til þess að árangur náist er nauðsynlegt að góð samvinna sé á milli allra sem hlut eiga að máli. Starfsfólk skólans, foreldrar og nemendur þurfa að standa þétt saman í að uppræta einelti.